



SKAFTÁRHREPPUR

Yfirlitsræða sveitarstjóra

með fjárhagsáætlun 2023



I. Inngangur:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var lögð fram til fyrri umræðu 1. desember 2022 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 15. desember 2022. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn á sama tíma.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2023.

- Rekstur fyrir fjármagnsliði 2023 er jákvæður um 45,2. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir 37. m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var um 22,5. m.kr. árið 2021.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 31,5 milljónir 2023. Útkomuspá fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir um 34. m.kr., en fjármagnsliðir voru um 14. mkr. 2021.
- Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 14 milljónir árið 2023 en var jákvæð um 9. m.kr. 2021. Útkomuspá fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir 2 milljóna kr. afgangur af rekstri Skaftárhrepps.
- Veltufé frá rekstri er áætlað um 74 m.kr. 2023. Var um 15 m.kr. 2021. Útkomuspá fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir 62,5. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 6,1% meðal-verðbólgu á árinu 2023, samkvæmt spá.

Enn er ósamið á vinnumarkaði við mikilvægar stéttir á vettvangi hins opinbera, sem geta haft áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, t.d. við kennara og fleiri stéttir. Þó hafa lífskjarasamningar sem gerðir voru, lagt ákveðnar línur. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 7,1% hækkun launavísitölu á ársgrundvelli, samkvæmt spá. Launakostnaður 2021 var 425 m.kr., útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir 441 m.kr sem er hækkun, en fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 445 m.kr. launakostnaði.

Þrátt fyrir framkvæmdir í okkar samfélagi á undanförunum misserum, þá hefur góður árangur náðst í rekstri Skaftárhrepps og allar kennitölur sýna að hann er í góðu jafnvægi. Miklu máli skiptir að halda áfram á sömu braut og áfram verður gerð sú krafa til forstöðumanna að gæta aðhalds í öllum rekstri og verða innkaupamál sveitarfélagsins skoðuð sérstaklega á nýju ári. Þá verður nú tekið upp aukið eftirlit með rekstri málaflokka og deilda, og tekin staða mánaðarlega og síðan ársfjórðungslega, og borin saman rekstur deilda við fjárhagsáætlun.

II. Íbúapróun:

Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára og hefur íbúum fjölgað síðustu 4 ár.


Íbúum hefur fjölgað um 40 frá 1. janúar 2022 og voru 681 íbúar í byrjun desember 2022.

Sveitarfélag	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Mism. á 10 árum	
Skaftárhreppur	443	452	460	470	475	560	583	627	624	641	198	44,7%
Mýrdalshreppur	462	489	480	525	562	633	695	719	758	814	352	76,2%
Hornafjörður	2.166	2.167	2.150	2.171	2.187	2.306	2.389	2.434	2.387	2.450	284	13,1%

Samtals: 3.071 3.108 3.090 3.166 3.224 3.499 3.667 3.780 3.769 3.905 834 27,2%

Íbúatala 1. janúar ár hvert

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi. Íbúum hefur fjölgað hjá báðum sveitarfélögum. Íbúum sveitarfélaganna hefur fjölgað um 550 á síðustu 10 árum eða um 60,8%.



Íbúar Skaftárhrepps voru 641 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2022. Íbúatala þann 1. desember 2022 var 681. Árið 2010 voru íbúar Skaftárhrepps um 48,95% af íbúum V-Skaftafellssýslu. Hlutfall íbúa Skaftárhrepps í desember 2022 er 44,05% af íbúum V-Skaftafellssýslu.

III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur:

Skatttekjur:

2020 Rauntölur	2021 Rauntölur	2022 Útkomuspá	2023 Áætlun
560.160	617.165	658.595	709.030

Skatttekjur Skaftárhrepps aukast á milli áráanna 2021 og 2023 um 92 m.kr. eða um 14,9%. Tekjuaukning milli áráanna 2020 og 2023 er um 149 mkr. eða 26,6% hækkun á því tímabili.

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar:

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2023 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,52% af útsvarsstofni. Stuðst var við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars verði 358 milljónir króna en áætlun Sambandsins gerir ráð fyrir sömu staðgreiðslu. Útsvarshækkun á milli áráanna 2022 og 2023 samsvarar þá 9,1% hækkun.

Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 0,625%

B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu 1,32%

C-flokkur – af fasteignamati annarra eigna 1,65%

Fasteignaskattur 2023 er áætlaður: 133.449 þús. kr

Holræsagjald fyrir eignir í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða.

Gjalddagar fasteignagjalda 2023 verð 8.

Fasteignagjöld hækka um 20,4% á milli ára.

Sorpeyðingargjöld er kr. 23.345 kr/íbúð. Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Sorpeyðingargjöld á frístundahús, sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 12.150.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum kr. 44.275. atvinnurekstri á lögbýli er átt við lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni og/eða annar atvinnurekstur.

Sorpgjöldin eru óbreytt á milli ára. Reikna má með að sorpgjöld hækki þegar framtíðar fyrirkomulag sorp mála liggur fyrir.

Jöfnunarsjóður:

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir 210.673.000 kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði á árinu 2023. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 23,3% af tekjum samstæðunnar.

Gjaldskrár:

Í fjárhagsáætlunargerð 2023 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis er óbreytt 0,625%, holræsagjald er óbreytt 0,25%
Álagning á C-flokk er óbreytt 1,65%.
- Gjaldskrá byggingarleyfa og skipulagsmála, gatnagerðargjöld, gjaldskrá mótuneytis, gjaldskrá tónlistarskóla, gjaldskrá leikskóla og gjaldskrá slökkviliðs taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs.
- Gjaldskrá um gæludýrahald, leiga á félagsheimili og gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs eru óbreyttar á milli ára.
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús er að mestu óbreytt frá fyrra ári.
- Húsaleiga fylgir vísitölu og er breytist 1. janúar og 1. júlí.

Lántökur og afborganir lána:

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 50 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 26 m.kr. Stefnt er að því að handbært fé verði um 68,5 m.kr. í árslok 2023. Langtímaskuldir munu hækka um 38 m.kr. á árinu.

Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:

Veltufé frá rekstri A og B hluta er 74 m.kr. en var 63 milljónir á árinu 2022 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði 384 m.kr. í árslok 2023, en voru 266 m. kr. í árslok 2021. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 143 milljónir en þær voru 127 milljónir í árslok 2021. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 3 milljónir á milli árunna 2022 og 2023.

Fjárfestingar:


Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 127 m.kr. á árinu 2023. Annað árið í röð þá eru framkvæmdir við Kirkjubæjarskóla, m.a. frágangur að utan og á lóð, stærstu einstöku framkvæmdirnar sveitarfélagsins. Gert er grein fyrir fjárfestingum á sérstöku fjárfestingarblaði.

IV. Samantekt á rekstri málaflokka:

	2018 Rauntölur	2019 Rauntölur	2020 Rauntölur	2021 Rauntölur	2022 Útkomuspá	2023 Áætlun
02 Félagsþjónusta	28.443	26.605	31.370	36.206	46.236	42.031
03 Heilbrigðismál	529	817	1.016	935	946	894
04 Fræðslu- og uppeldismál	228.412	243.492	278.590	331.245	329.963	349.879
05 Menningarmál	20.384	20.827	17.864	18.961	22.834	24.725
06 Æskulýðs- og íþróttamál	78.794	88.909	82.885	88.182	83.503	94.952
07 Brunavarnir og alm. Varnir	7.080	15.269	19.444	21.715	23.348	30.031
08 Hreinlætismál	3.572	20.652	9.884	15.806	12.036	19.941
09 Skipulags- og bygg.mál	26.558	32.020	31.573	41.609	31.144	26.485
10 Umferðar- og samg.mál	6.595	6.840	10.728	7.328	9.409	6.612
11 Umhverfismál	4.283	3.664	3.880	2.938	2.031	3.916
13 Atvinnumál	25.062	40.732	12.796	5.208	26.245	32.281
21 Sameiginl. kostn.	67.115	67.456	84.845	85.555	81.658	85.534

Upphæðir í þúsundum kr.

Þróun útgjalda á málaflokkum á árunum 2018-2023




Rekstrarleg afkoma

Skaftárhreppur samanburður frá 2019 til 2023

	2019	% af tekjum	2020	% af tekjum	2021	% af tekjum	2022*	% af tekjum	2023**	% af tekjum
Tekjur samtals:	693.996		678.911		815.109		846.688		902.921	
Laun og launatengd gjöld:	303.714	43,8%	365.441	53,8%	425.158	52,2%	441.005	52,1%	445.478	49,3%
Annar rekstrarkostnaður:	373.448	53,8%	265.514	39,1%	343.709	42,2%	336.956	39,8%	377.424	41,8%
Rekstrarkostnaður samtals:	677.162	97,6%	630.955	92,9%	768.867	94,3%	777.961	91,9%	822.902	91,1%
Framlegð	16.834	2,4%	47.956	7,1%	46.242	5,7%	68.727	8,1%	80.019	8,9%

*Útg.spá - **áæt. næsta árs



Tekjur Skaftárhrepps frá árinu 2019 eru áætlaðar um 30% hærrí á árinu 2023 miðað við áætlun. Rekstur hefur á sama tímabili hækkað um 21,5%.

V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2024-2026 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir munu aukast lítilsháttar
- Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 136 m.kr. á árinu 2024, um 141 m.kr. á árinu 2025 og um 155 m.kr. á árinu 2026.

VI. Lokaorð:

Fjárhagsáætlun 2023 ber þess merki að nýjar áherslur eru lagðar til við rekstur sveitarfélagsins. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins í nánustu framtíð og því er mikilvægt að halda vel utan um það sem við höfum, og huga vel að þeim fjárfestingum og þeirri innviðaupbyggingu, sem nauðsynleg er, og fylgir fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi á svæðinu. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að auka skuldir sveitarfélagssins tímabundið, en það skilar sér fljótt til baka með auknum tekjum, bæði með útsvari, og auknum tekjum af atvinnustarfsemi.

Á næstu árum mun sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, fráveitu, gatnagerð, færslu gamalla húsa og við endurskipulagningu í úrgangsmálum, svo eitthvað sé nefnt, sem og mörg önnur viðhaldsframkvæmdir í sveitarfélaginu s.s. við Klausturhóla ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins á næstu árum, mun bera þess merki að það eru uppi gjörólíkar áhersla í rekstri sveitarfélagsins en á undanförunum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið mun ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting næstu ára hjá sveitarfélaginu, er færsla leikskólans og uppbygging gatna og íbúðahúsnæðis.

Við mat á rekstri sveitarfélaga er ekki nægjanlegt að horfa til reksturs og skulda sveitarfélags heldur þarf jafnframt að horfa til þarfa á innviðafjárfestingu í viðkomandi sveitarfélagi og hvaða lagakröfur eru uppi sem leggja kröfur á sveitarfélög að leggjast úti í frekari fjárfestingar. Þegar horft er til þessa þátta er staða Skaftárhrepps sterk. Innviðir sveitarfélagsins eru sterkir. Helstu innviðir eru fyrir hendi sem sveitarfélaga þarf í sinni grunnstarfsemi, og því mögulegt að fjölga íbúum umtalsvert án þess að þurfa að leggja í miklar fjárfestingar til þess að mæta þeirri fjölgun.

Sveitarfélagið mun vinna að því ötullega að því næstu misserin, að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem kosts til búsetu. Nýta þarf þá vinnu sem unnin hefur verið, og þá athygli sem sveitarfélagið vekur til þess að efla atvinnuíf, enn frekar, bæði í tengdri starfsemi sem nú þegar er rekin í sveitarfélaginu og í annari óskyldri starfsemi til þess að auka fjölbreytni starfa.

Stefnt er að því að sveitarfélagið skili rekstrarafgangi árið 2023 eða u.þ.b. 14. mkr., en það er alveg nauðsynlegt svo að reksturinn sé alveg sjálfbær. Ljóst er að sumar forsendur fjárhagsáætlunar 2023 eru óljósar en þá skiptir líka máli að geta brugðist við til þess að mæta óvissuþáttum í okkar umhverfi.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu forstöðumanna og annara stjórnenda Skaftárhrepps. Ég vil þakka fyrir vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka sveitarstjórn góða samvinnu og ítreka mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar nái saman um stóru myndina, um framtíðarsýn sveitarfélagsins, og hvernig við viljum byggja upp áhugavert samfélag, bæði fyrir íbúana og atvinnulífið.

Það eru bjartir tímar framundan, í Skaftárhreppi.

Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri